

Greinargerð

vegna endurnýjunar á rekstrarleyfi Matorku ehf. Fellsmúla.

1. Almenn

Matorka ehf., kt. 500412-0540, Eyrartröð 12, 220 Hafnarfirði, sótti um endurnýjun á rekstrarleyfi FE-1107, Fellsmúla, þann 4. febrúar 2026. Matorka ehf. hefur verið með leyfi að Fellsmúla frá árinu 2016 fyrir 350 tonna eldi.

Starfsleyfi Umhverfis- og orkustofnunar er í gildi og gildir 4. desember 2030. Starfsleyfið heimilar framleiðslu á 350 tonnum á ári og lífmassa að hámarki 350 tonn á hverjum tíma.

2. Álit Skipulagsstofnunar

Matorka ehf. (Íslensk matorka ehf.) tilkynnti framkvæmd um eldi á bleikju og borra með allt að 350 tonn til Skipulagsstofnunar 2011. Fyrir hafði verið eldi í eldisstöðinni fyrir 60 tonn á grundvelli starfsleyfis frá árinu 2000. Ákvörðun Skipulagsstofnunar var á þá leið að framkvæmdin var metin þannig að hún hefði ekki í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og lá sú ákvörðun fyrir í janúar 2012.

Matorka ehf. (Íslensk matorka ehf.) tilkynnti breytingu á framkvæmd til Skipulagsstofnunar í júlí 2015 sem snéri að því að bæta við möguleika á að framleiða lax í stöðinni. Niðurstaða Skipulagsstofnunar var sú að breytingin hefði ekki í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og væri því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Ákvörðunin var birt í september 2015.

Matorka ehf. tilkynnti breytingu á framkvæmd til Skipulagsstofnunar í desember 2020. Breytingin snéri að því að hækka losunarmörk köfnunarefnis í starfsleyfi úr 20 kg/tonn í 60 kg/tonn. Niðurstaða Skipulagsstofnunar var sú að breytingin hefði ekki í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og væri því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Ákvörðunin var birt í mars 2021.

Matsferli framkvæmdar og breytingar á henni fóru fram í samræmi við lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Framkvæmdir voru hafnar eða hófust innan 10 ára frá ákvörðun Skipulagsstofnunar. Stofnunin hefur ekki endurskoðað þá ákvörðun frá þeim tíma en eins og áður segir hafa farið fram breytingar í samkvæmt ákvörðun frá 2015 og 2020.

3. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma vegna tillögu að breytingu á rekstarleyfi

Tillaga að endurnýjun á rekstrarleyfi var auglýst þann 7. apríl 2026 og frestur til athugasemda gefinn til og með 6. maí 2026. Endurnýjunin var unnin í samræmi við ákvæði 14. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi.

Engar athugasemdir bárust vegna tillögu að endurnýjun á rekstrarleyfi Matorku ehf. Fellsmúla FE-1107.

4. Aðrar leyfisveitingar

Til starfrækslu fiskeldisstöðva þarf rekstrarleyfi Matvælastofnunar og starfsleyfi Umhverfis- og orkustofnunar, sbr. 1. mgr. 4. gr. b. laga nr. 71/2008 um fiskeldi, starfsleyfi er í gildi og gildir til 4. desember 2030.

Starfsleyfi Umhverfis- og orkustofnunar er takmarkandi þáttur þar sem það heimilar eingöngu ársframléiðslu á 350 tonnum og er það í samræmi við heimildi samkvæmt skipulagi sveitarfélagsins.

5. Forendur útgáfu

Matvælastofnun telur að undangenginni ítarlegri yfirferð á fyrirbyggjandi gögnum að skilyrði til endurnýjunar á rekstrarleyfi FE-1107 séu uppfyllt.

6. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um að breyta rekstrarleyfi FE-1107 Matorka ehf., Fellsmúla.

Endurnýjun á rekstrarleyfinu tekur þegar gildi, gildistími leyfisins er til 26.05.2042.

Starfsleyfi Umhverfis- og orkustofnunar er í gildi og því afhendir Matvælastofnun rekstraraðila eingöngu rekstrarleyfi.

Akureyri, 21.05.2026